

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Holtabraut 1-3.

Um er að ræða útfærslu bílastæða og breytta aðkomu lóðanna Holtabraut 1-3, í Brautarholti. Kvöð um gönguleið er felld út og kvöð um aðkomu kemur í staðinn. Byggingarreitir breytast lítillega og gerð er krafa um gróðurbelti norðan við aðkomuleið. Samþykkt í sveitarstjórn 22. janúar 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. mars 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2020